

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

IS SKULDABRÉFASAFN HS.

SÉRHÆFÐUR SJÓÐUR
FYRIR ALMENNA FJÁRFESTA

Útboðslýsing

Desember 2022

EFNISYFIRLIT

Tilkynning til fjárfesta.....	3
Upplýsingar um IS Skuldabréfasafn	4
Heiti, stofndagur, varnarþing o.fl.	4
Reglulegar skýrslur og reglur	4
Skattareglur.....	4
Birthingartími ársreiknings og árshlutareiknings.....	4
Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda	4
Innlausnarréttur og lausafjárstýring	5
Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina	5
Reglur um mat eigna.....	5
Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini.....	5
Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina	6
Umsjónarlaun til rekstraraðila, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður	6
Íslandssjóðir hf.	7
Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt.....	7
Útvistuð verkefni.....	7
Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.	8
Endurskoðendur Íslandssjóða hf. og sjóðsins IS Skuldabréfasafns	8
Vörsluaðili.....	8
Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla	9
Ýmsar upplýsingar	9
Markmið, fjárfestingarstefna, eignasamsetning, fjárfestingaraðferð, árangur, Áhættuþættir o.fl.....	10
Markmið, fjárfestingarstefna og fjárfestingaraðferð	10
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu	11
Áætlaður líftími	11
Breytingar á fjárfestingaraðferð eða fjárfestingarstefnu sjóðsins.....	11
Árangur	11
Ávöxtun IS Skuldabréfasafns	11
Ársávöxtun IS Skuldabréfasafns síðustu ára.....	12
Fyrir hvern er sjóðurinn?	12
Áhættuþættir sjóðsins.....	12
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum.....	12
Reglur fyrir sjóðinn IS Skuldabréfasafn	14
I. kafli: Heiti, tegund, rekstrarform og deildaskipting.....	14
II. kafli: Rekstraraðili	14
III. kafli: Markmið og fjárfestingarstefna.....	14
IV. kafli: Vörsluaðili.....	15
V. kafli: Þóknun rekstraraðila.....	15
VI. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn	15
VII. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum	16

TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta **IS Skuldabréfasafn hs.** (hér eftir „IS Skuldabréfasafn“ eða „sjóðurinn“) er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar af kostgæfni, sem og fylgiskjöl hennar. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættu sem er að finna á í útboðslýsingunni.

Útboðslýsinguna skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Íslandssjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, við mat á hlutdeildarskírteinum IS Skuldabréfasafns sem fjárfestingarkosti.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini IS Skuldabréfasafns.

Útboðslýsing þessi er unnin í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Útboðslýsingin er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði er áhrif geti haft á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Kópavogur, 2. desember 2022

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

UPPLÝSINGAR UM IS SKULDABRÉFASAFN

Heiti, stofndagur, varnarþing o.fl.

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og heitir **IS Skuldabréfasafn hs.**, kt. 540711-9920. Sjóðurinn er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs og var stofnaður í ágúst 2011. Sjóðurinn hefur staðfestu á Íslandi. Um sjóðinn gilda íslensk lög og er varnarþing sjóðsins í Reykjavík. Um viðurkenningu og fullnustu dóma milli ríkja gilda lög nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

Reglulegar skýrslur og reglur

Útboðslýsingin, lykilupplýsingar, upplýsingablað, ársreikningar og árshlutareikningar eru birt á vef Íslandssjóða www.islandssjodir.is og liggja jafnframt frammi á skrifstofu Íslandssjóða hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Reglur sjóðsins er að finna í þessari útboðslýsingu.

Fjárfestum í sjóðnum verður reglulega veittar upplýsingar um áhættusnið og aðrar upplýsingar skv. 47. gr. laga nr. 45/2020 sem hluti af ársreikningi eða í reglubundnum upplýsingablöðum sjóðsins til fjárfesta. Upplýsingar þessar eru veittar að lágmarki árlega.

Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Íslandsbanki, vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðum.

Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings

Upplýsingar um IS Skuldabréfasafn birtast í ársreikningi og árshlutareikningi Íslandssjóða hf. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok mars hvert ár og árshlutareikningur fyrir lok ágúst ár hvert.

Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga jafnan rétt til tekna og eigna hennar í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar.

Íslandssjóðir gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóði í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því. En óski eigandi ekki eftir útgáfu hlutdeildarskírteina fær hann í hendur skriflega kvittun fyrir eignarhlutdeild sinni í viðkomandi sjóði þar sem fram kemur kaupverð í íslenskum krónum, fjöldi hluta í viðkomandi sjóði og gengi á keyptum hlutum. Hlutdeildarskírteinishafar eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins í samræmi við reglur sjóðsins, sbr. 74. gr. laga nr. 45/2020. Einingum í sjóðnum fylgir ekki atkvæðisréttur. Hlutdeildarskírteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Verðgildi einnar einingar í sjóðnum var 1.000 við stofnun. Verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun.

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Til fullnustu skuldbindinga sjóðsins standa einungis eignir sjóðsins. Rekstraraðili og vörsluaðili sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Í bókhaldi og ársreikningum rekstraraðilans er eignum og skuldbindingum IS Skuldabréfasafns haldið aðskildum frá öðrum eignum félagsins og sjóðum á vegum þess.

Innlausnarréttur og lausafjárstýring

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu innlausnarvirði í sjóðnum. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðurinn staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma, það gæti t.d. verið vegna takmarkaðs seljanleika hluta eigna sjóðsins. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og skal grundvöllur frestunar vera að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur yfir en nauðsyn krefur. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og auglýst opinberlega. Lausafjárstýring sjóðsins er undir eftirliti áhættustýringar Íslandssjóða. Sjóðstjórum ber að tryggja að það sé nægt laust fé og auðseljanlegar eignir á hverjum tíma til að geta staðið við innlausnir. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða öðrum auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

Innlausnarvirði sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað daglega á virkum dögum. Innlausnarvirði birtist á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is og einnig á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is.

Reglur um mat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðila en starfrækt er verðmatsnefnd innan Íslandssjóða. Verðmat er háð eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka sem er staðsettur í Hagasmára 3, 201 Kópavogi eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir í Netbanka Íslandsbanka á www.islandsbanki.is eða í smáforriti Íslandsbanka (e. app). Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum (T+2). Kauppantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum. Sölupantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að fimm virkum dögum liðnum (T+5). Sölupantanir sem

berast eftir viðmiðunartíma viðskipta eru afgreiddar að sex dögum liðnum. Íslandssjóðum er þó heimilt að afgreiða pantanir fyrir ef um mistök eða villu í kerfum er að ræða, að því skilyrði uppfylltu að afgreiðslan skaði ekki hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins.

Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrir en deginum eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa og hlutdeildarskírteini eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina

Við kaup á hlutdeildarskírteinum greiðist upphafsgjald sem rennur að fullu til söluaðila sjóðsins. Hámarkshlutfall upphafsgjalds er 0,8%. Upphafsgjald skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka er 0,8% við útgáfu þessarar lýsingar.

Söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Hámark afgreiðslugjalds sem söluaðila er heimilt að innheimta er 1.500 kr. og rennur það að fullu til söluaðila sjóðsins. Afgreiðslugjald skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka er 1.000 kr. við útgáfu þessarar lýsingar.

Umsjónarlaun til rekstraraðila, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður

Fyrir rekstur sjóðsins greiðir sjóðurinn Íslandssjóðum hf. umsjónarlaun sem eru ákveðinn hundradshluti af eignum. Í rekstri sjóðsins felast m.a. eignastýring sjóðsins, áhættustýring, umsýsla, þ.e. bókhald og lögfræðipjónusta, mat á verðmæti eigna, innra eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina, útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina, þjónusta við eigendur o.fl. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Umsjónarlaun sjóðsins eru 1,0% og eru innheimt mánaðarlega.

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. lífeyrissjóðum og umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af umsjónarlaunum sjóðsins.

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir geta krafist sjóð um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyptrar lögfræðipjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. en að hámarki 0,2% árlega. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins. Nýjustu upplýsingar um viðvarandi gjöld er að finna í lykilupplýsingum sjóðsins.

Íslandssjóðir hafa, í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 45/2020, samið við Íslandsbanka hf. um sölu hlutdeildarskírteina og þjónustu við viðskiptavini. Einnig hafa Íslandssjóðir hf., í samræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 45/2020, samið við Íslandsbanka hf. um að vera vörsluaðili sjóðsins. Hlutverk vörsluaðila er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóða. Fyrir þjónustuna greiða Íslandssjóðir þóknun.

Fyrir vörslu eigna sjóðsins skal sjóðurinn jafnframt greiða vörslugjöld til vörsluaðila skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka en að hámarki 0,1%. Sjóðurinn hefur samið um 25% afslátt af innlendri verðbréfaeign og er þóknunin við útgáfu þessarar lýsingar 0,03375%. Vörslugjöld eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Ekki eru tekin vörslugjöld af innlánnum eða lausu fé sjóðsins.

Annar kostnaður sem getur komið til er viðskiptakostnaður, miðlunarpóknunir og vextir. Sjóðurinn greiðir slíkan kostnað þegar hann fellur til. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins og skal að hámarki vera 0,5% á ári.

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

Íslandssjóðir hf., var upprunalega stofnað árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka hf. Félagið sér um daglegan rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta Íslandssjóða, sbr. 35. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og 9. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nánar tiltekið verðbréfasjóðanna IS Veltusafn, IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán, IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Ríkisskuldabréf löng, IS Úrvalsvisitölusjóður, IS Heimssafn, IS Eignasafn og IS Eignasafn – Ríki og sjóðir og sérhæfðu sjóðanna fyrir almenna fjárfesta IS Lausafjár safn, IS Skuldabréfasafn, IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð, IS Sértryggð skuldabréf, IS Sértryggð skuldabréf VTR, IS Græn skuldabréf, IS Hlutabréfasjóður, IS EQUUS Hlutabréf og IS Einkasöfn. Einnig reka Íslandssjóðir sérhæfða sjóði sem eingöngu má markaðssetja til fagfjárfesta.

Hlutfé Íslandssjóða er 25 milljónir króna og hefur það allt verið greitt.

Um eiginfjárgrunn Íslandssjóða gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og 15. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess er félagið með til staðar tilskilið eiginfjárgrunnsálag sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar. Endurskoðendur og Fjármálaeftirlitið hefur reglubundið eftirlit með að eiginfjárgrunnur uppfylli skilyrði laga. Eiginfjárlutfall félagsins er birt í árs- og hálfársreikningi hverju sinni.

Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt

Íslandssjóðir hafa sett sér starfskjarastefnu sem skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma lítið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Íslandssjóðir leggja áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Samkvæmt stefnunni skal stjórnarmönnum greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins. Starfskjör framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi og ekki skal gera samning við framkvæmdastjóra sem felur í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamnings, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur framkvæmdastjóra skal ekki vera lengri en sex til tólf mánuðir. Íslandssjóðir skulu ekki gera samninga um kaupauka, þ.e. starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Ef stjórn félagsins hyggst taka upp kaupaukakerfi þarf áður að fá samþykki hluthafafundar. Ekki er til staðar kaupaukakerfi hjá Íslandssjóðum. Greint skal frá kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársreikningi sjóða. Hjá Íslandssjóðum starfar starfskjaranefnd sem er skipuð a.m.k. tveimur mönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er m.a. að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um starfskjör félagsins. Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu Íslandssjóða og samsetningu starfskjaranefndar eru aðgengilegar á vef félagsins: www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/stjorn-og-undirnefndir/. Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

Útvistuð verkefni

Á grundvelli 29. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 hafa Íslandssjóðir gert útvistunarsamninga við Íslandsbanka um að sjá um afmörkuð verkefni fyrir félagið, en nánar tiltekið er um að ræða verkefni skv. a., b., d., e., g., h., og i. liða 1. tölul. og 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna. Íslandsbanki hf. sér m.a. um markaðssetningu, útgáfu og innlaun

hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavini, útreikning á innlausnarvirði og viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta.

Einnig sér Íslandsbanki um innheimtu umsjónarlauna og vörsluþóknunar fyrir sjóðinn. Svið Regluvörslu og Innri endurskoðunar Íslandsbanka sinnir jafnframt ákveðnum eftirlitsþáttum fyrir félagið á grundvelli útivistunarsamninga.

Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, eignafjármögnun, fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi og eignastýring. Bankinn er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir eru í eigu Íslandsbanka. Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálafyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. Íslandssjóðum er skylt að gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Íslandssjóða. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útivistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útivistunarsamninga.

Útvistun Íslandssjóða á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Íslandssjóða gagnvart sjóðnum eða fjárfestum hans.

Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.

- Stjórnarmenn: Jensína Kristín Böðvarsdóttir, kt. 190369-4049, BA í auglýsingafræði, MBA.
Kristján Björgvinsson, kt. 0906643019, viðskiptafræðingur M.Sc. í fjármálum.
Sigurður B. Stefánsson, kt. 250247-4949, Ph.D. í hagfræði.
Sylvía Kristín Ólafsdóttir, kt. 151280-4129, BS í iðnaðarverkfræði, M.Sc. í aðgerðar-rannsóknnum.
- Varamenn: Jón Eðvald Malmquist, kt. 071074-4639, lögmaður.
Hólmfríður Einarsdóttir, kt. 030972-2959, B.Sc. Business and International Marketing.
- Framkvæmdastjóri: Kjartan Smári Höskuldsson, kt. 220380-4169, BA í sálfræði, MA í alþjóðaviðskiptum.

Endurskoðendur Íslandssjóða hf. og sjóðsins IS Skuldabréfasafns

Endurskoðendur félagsins eru Ernst & Young hf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Skyldur endurskoðenda eru m.a. óháð endurskoðun árs- og árshlutareikninga og framkvæmd könnunaraðgerða í tengslum við reikningana.

VÖRSLUAÐILI

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 45/2020 skal rekstraraðili tryggja að fyrir sérhvern sérhæfðan sjóð sem hann rekur sé skipaður einn vörsluaðili. Samkvæmt 33. gr. laganna geta meðal annars lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki hlotið viðurkenningu sem vörsluaðili. Vörsluaðili sjóðsins er Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, eignafjármögnun, fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi og eignastýring. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf.

Skyldur vörsluaðila felast m.a. í því að vakta sjóðstreymi sjóðs, tryggja að allir fjármunir séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum sjóðs, tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina sé framkvæmdur að lögum og reglum sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðs, tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur sjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans glatast. Vörsluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörsluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörsluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, sjóðsins, eigenda hlutdeildarskírteina eða Íslandssjóða nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá.

STEFNA UM FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Íslandssjóðir hafa sett sér stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sjóða í rekstri félagsins. Í stefnunni er að finna lista yfir aðila sem koma má pöntunum til. Stefnan er aðgengileg fjárfestum á vefsíðu félagsins, www.islandssjodir.is. Sjóðir í rekstri Íslandssjóða nýta sér ekki þjónustu miðlara í skilningi 21. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR

Hvorki stjórnarmenn Íslandssjóða hf. né framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. hafa fengið lán hjá félaginu, né hefur félagið gengist í ábyrgðir fyrir þá. Engir skilmálar eru í gildi um kaup stjórnarmanna og starfsmanna á hlutabréfum í félaginu eða á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

MARKMIÐ, FJÁRFESTINGARSTEFNA, EIGNASAMSETNING, FJÁRFESTINGAR- AÐFERÐ, ÁRANGUR, ÁHÆTTUÞÆTTIR O.FL.

Markmið, fjárfestingarstefna og fjárfestingaraðferð

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum á Íslandi í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja, skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga, skuldabréfum fyrirtækja, skuldabréfum og víxlum fjármálafyrirtækja og innlánum.

Fjárfestingarstefna og aðferð: Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, sveitarfélögum, fyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja. Sjóðnum er heimilt, skv. 90. gr. laga nr. 45/2020, að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Sjóðurinn mun ekki fjárfesta í afleiðum og hefur ekki heimild til vogunar.

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar. Fjárfestingar sjóðsins eru fjármagnaðar með útgáfu hlutdeildarskírteina. Sjóðnum er ekki heimilt að beita vogun í fjárfestingaraðferðum sínum.

Fjárfestingarheimildir: Sjóðnum er heimilt að nýta sér eftirfarandi liði 93. gr. laga nr. 45/2020:

- Binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda, sbr. 1. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna. Heimildin veitir sjóðnum aukið svigrúm til fjárfestinga í einstökum útgefendum.
- Binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis sbr. 2. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- Binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast., sbr. 4. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.
- Fjárfesting í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins, sbr. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- Samanlögð fjárfesting sjóðsins í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%, sbr. 2. mgr. 93. gr. laganna.
- Á grundvelli 6. mgr. 93. gr. laganna hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 80% eigna sinna í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem íslenska ríkið gefur út eða ábyrgist, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Fjárfestingar sjóðsins samkvæmt þessari heimild skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Aðrar fjárfestingarheimildir 93. gr. laganna er sjóðnum ekki heimilt að nýta. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast að öðru leyti við fjárfestingarheimildir X. kafla laganna.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Eignaflokkur	Eign % *)	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	7,2	0	80
Skuldabréf og víxlar útgefin af fyrirtækjum	39,3	0	80
Skuldabréf og víxlar fjármálafyrirtækja	34,9	0	40
Skuldabréf og víxlar útgefin af sveitarfélögum, Lánasjóði sveitarfélaga eða með ábyrgð sveitarfélaga	13,6	0	40
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	60
Laust fé	5,0		

* M.v. 31. október 2022

Áætlaður líftími

Áætlaður meðallíftími eigna IS Skuldabréfasafns er 0-14 ár. Það er mat sjóðsstjóra hverju sinni hvort hagkvæmt er að fjárfesta í skuldabréfum með langan eða stuttan líftíma. Jafnframt metur sjóðsstjóri hverju sinni hvort sé hagkvæmara að fjárfesta í verðtryggðum eða óverðtryggðum bréfum.

Breytingar á fjárfestingaraðferð eða fjárfestingarstefnu sjóðsins

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur sjóðsins, sem inniheldur fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefnu, og getur breytt þeim á lögmeðum stjórnarfundum ef meirihluti stjórnarmanna er samþykktur og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils. Ávöxtun er m.a. háð þróun markaðsvaxta og verðbólgu. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

Ávöxtun IS Skuldabréfasafns


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Skuldabréfasafn	-0,2	2,2	3,6	4,8	5,0

* m.v. 31. október 2022

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Skuldabréfasafn	-8,7	-4,3	-2,0	-0,2	0,4

* m.v. 31. október 2022

Ársávöxtun IS Skuldabréfasafns síðustu ára



Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í þrjú ár eða lengur og þola verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Áhættustig sjóðsins er birt í lykluþýðingum sjóðsins.

Áhættuþættir sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði.

Fjárfesting í sjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta, þannig getur eignarhlutdeild í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- Markaðsáhætta** – Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins sem bundnar eru í skuldabréfum og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins sem bundnar eru í skuldabréfum, þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á skuldabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á skuldabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast.
- Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja fjármálagerning þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn fjármálagerninga á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.

- c) **Vaxtaáhætta** – Þar sem samsetning eigna sjóðsins er að stærstum hluta í skuldabréfum hefur það í sér fólgni vaxtaáhattu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa. Hækki vextir á markaði, lækkar að jafnaði verð skuldabréfa á markaði.
- d) **Greiðsluáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiðir ekki á gjalddaga eða á lokadegi innláns.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.
- g) **Áhætta tengd smæð markaðar** – Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu árum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnisæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru margir og dreifðir.
- h) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti sjóðsins.
- i) **Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.

REGLUR FYRIR SJÓÐINN IS SKULDABRÉFASAFN

I. kafli: Heiti, tegund, rekstrarform og deildaskipting

1. grein

Sjóðurinn heitir **IS Skuldabréfasafn hs.**, kt. 540711-9920, og starfar í einni sjóðsdeild. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og sækir fjárfestingarheimildir í X. kafla fyrrnefndra laga. Sjóðurinn er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs.

II. kafli: Rekstraraðili

2. grein

Íslandssjóðir hf., 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er rekstraraðili sjóðsins skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ekki verður skipt um rekstraraðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og svo framarlega sem að nýr rekstraraðili sjóðsins sé með starfsleyfi sem slíkur í skilningi laga nr. 45/2020. Tilkynna skal hlutdeildarskráteinistöfum ef breyting verður á rekstraraðila sjóðsins í samræmi við 12. gr. reglna þessara.

III. kafli: Markmið og fjárfestingarstefna

3. grein

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum á Íslandi og víxlum fyrirtækja, skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum fyrirtækja, skuldabréfum og víxlum fjármálafyrirtækja og innlánnum.

Fjárfestingarstefna: Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, sveitarfélögum, fyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í innlánnum fjármálafyrirtækja. Sjóðnum er heimilt, skv. 90. gr. laga nr. 45/2020, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskráteinistöfum fyrir augum. Sjóðurinn mun ekki fjárfesta í afleiðum og hefur ekki heimild til vagnar.

Fjárfestingarheimildir: Sjóðnum er heimilt að nýta sér eftirfarandi liði 93. gr. laga nr. 45/2020:

- Binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda sbr. 1. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna. Heimildin veitir sjóðnum aukið svigrúm til fjárfestinga í einstökum útgefendum.
- Binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis, sbr. 2. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- Binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins, sbr. 4. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.

- d) Fjárfesting í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins, sbr. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- e) Samanlögð fjárfesting sjóðsins í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%, sbr. 2. mgr. 93. gr. laganna.
- f) Á grundvelli 6. mgr. 93. gr. laganna hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 80% eigna sinna í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem íslenska ríkið gefur út eða ábyrgist, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Fjárfestingar sjóðsins samkvæmt þessari heimild skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Aðrar fjárfestingarheimildir 93. gr. laganna er sjóðnum ekki heimilt að nýta. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast að öðru leyti við fjárfestingarheimildir X. kafla laganna.

Sundurliðun fjárfestingarheimilda

Eignaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	0	80
Skuldabréf og víxlar útgefin af fyrirtækjum	0	80
Skuldabréf og víxlar fjármálafyrirtækja	0	40
Skuldabréf og víxlar útgefin af sveitarfélögum, Lánasjóði sveitarfélaga eða með ábyrgð sveitarfélaga	0	40
Innlán fjármálafyrirtækja	0	60

IV. kafli: Vörsluaðili

4. grein

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er vörsluaðili sjóðsins sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerninga sjóðsins samkvæmt samningi. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf.

V. kafli: Þóknun rekstraraðila

5. grein

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins er að hámarki ákveðinn hundradshluti á ári og reiknast af meðalstöðu eigna. Hlutfall Umsjónarlauna miðast við heilt ár, en Umsjónarlaun eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Umsjónarlaun sjóðsins eru 1,0% og eru innheimt mánaðarlega.

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. lífeyrissjóðum og Umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af Umsjónarlaunum sjóðsins.

VI. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn

6. grein

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga jafnan rétt til tekna og eigna hans í hlutfalli við hlutdeild sína.

Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því, sem eru staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar, sbr. 74. gr. laga nr. 45/2020.

7. grein

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini sjóðsins að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á því Innlausnarvirði sem gildir í dagslok þess dags þegar fyriræli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru móttækin af söluaðila sjóðsins. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðurinn staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma, það gæti t.d. verið vegna takmarkaðs seljanleika hluta eigna sjóðsins. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og skal grundvöllur frestunar vera að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur yfir en nauðsyn krefur. Hún skal tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um leið og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við þá tilkynningu. Frestun skal jafnframt auglýst opinberlega á heimasíðu Íslandssjóða. Að öðru leyti gilda ákvæði 87. gr. laga nr. 45/2020 um frestun innlausnar.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Viðskiptavinir geta sjálfir lagt fram viðskiptapantanir í sjóðinn í netbanka Íslandsbanka. Kauppantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum (T+2). Kauppantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum. Sölpantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að fimm virkum dögum liðnum (T+5). Sölpantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta eru afgreiddar að sex dögum liðnum. Nánari upplýsingar um tilhögun viðskipta og viðmiðunartíma viðskipta er að finna í útboðslýsingu.

8. grein

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. ekki arðgreiðslusjóður. Tekjur af sjóðnum verða endurfjárfestar og endurspeglast í verði hlutdeildarskírteina.

9. grein

Innlausnarvirði sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

VII. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum

10. grein

Sjóðurinn verður ekki sameinaður öðrum sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun. Samrunar eru aðeins heimilir að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Um samruna sjóðsins gildir ákvæði 84. gr. laga nr. 45/2020. Upplýsingagjöf og innlausnarheimild hlutdeildarskírteinishafa vegna samruna skal vera hin sama og gildir um verðbréfasjóði samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

Við sameiningu sjóðsins við annan sjóð skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá hlutdeild í sameinuðum sjóði í hlutfalli við eign sína og eigendum tilkynnt um sameininguna. Eigendur hlutdeildarskírteina skulu þó hafa a.m.k. 30 daga frá því að slík tilkynning hefur verið send, til að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum viðkomandi sjóðs, áður en hlutdeildarskírteini í sameinuðum sjóð eru gefin út. Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum sjóðanna án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Eigendum hlutdeildarskírteina er heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfa- eða sérhæfðum sjóð fyrir almenna fjárfesta með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnad af Íslandssjóðum. Innlausnarskyldan og rétturinn til að skipta hlutdeildarskírteinum í hlutdeildarskírteini í öðrum sjóði tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

11. grein

Sjóðnum verður ekki slitið nema að fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis. Komi til slita sjóðsins skal koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda hluta í eigu þeirra. Íslandssjóðum er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa á sanngjarnan hátt (e. in kind). Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjors sjóðsins sem er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn vörsluáðila til vörslu.

Tilkynna skal um slit sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti. Einnig er heimilt að birta tilkynninguna í dagblöðum og á vefsíðu Íslandssjóða. Tilkynning skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og fyrirhugaða dagsetningu gildistöku slitanna. Tilkynna skal um slit sjóðsins til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við 17. gr. laga nr. 45/2020.

12. grein

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur þessar og getur breytt þeim á lögmætum stjórnarfundum ef meirihluti stjórnarmanna er samþykkur. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Kópavogur, 2. desember 2022

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir